



**Alþingi**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 17. apríl 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, lögum um verðbréfasjóði og fleiri lögum (sala sjóða yfir landamæri, höfuðsjóðir og fylgisjóðir o.fl.), 880. mál.**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa tekið framangreint frumvarp til skoðunar. Í frumvarpinu er lagt til að innleiða í íslensk lög ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1160 frá 20. júní 2019 um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2011/61/ESB að því er varðar dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri.

SFF gera ekki athugasemdir við að frumvarp þetta verði að lögum. Þó er vakin athygli á því að nýta mætti frumvarp þetta til að samræma tiltekin ákvæði í lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og X. kafla laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem varðar sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta. Þá mætti að mati SFF flýta gildistöku ákvæða um höfuðsjóði og fylgisjóði. Þ.e. láta þau ákvæði taka gildi við birtingu laganna í stað þess að miða við 1. september 2023.

X. kafli laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 sækir fyrirmynd sína í lög sem gilt hafa um verðbréfasjóði hérlandis og byggja ákvæði kaflans á sambærilegum ákvæðum í lögum um verðbréfasjóði. Þegar núgildandi lög um verðbréfasjóði nr. 116/2021 tóku gildi 1. september 2021 voru gerðar breytingar á ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða til að gæta samræmis við lög um verðbréfasjóði og í einhverjum tilvikum til leiðréttingar á því sem betur hefði mátt fara við lagasetninguna, sbr. greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 116/2021.

#### Takmarkanir á eignasafni

Við gildistöku nýrra laga um verðbréfasjóði og í kjölfarið breytingarnar á lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða virðist hafa farist fyrir að bæta málsgreinum við 94. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem sett voru í 72. gr. laga um verðbréfasjóði. Lagagreinarnar eru efnislega samhljóða og fjalla um takmarkanir á eignasafni. Að mati SFF þykir rétt að sambærilegar kröfur gildi um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta hvað þetta varðar og að umræddum málsgreinum verði bætt við 94. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem verði þá svohljóðandi (feitletrun er SFF):

94. gr. *Takmarkanir á eignasafni.*

- [Sérhæfðum sjóði fyrir almenna fjárfesta] 1) er óheimilt að eignast meira en:
1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi.
  2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa.
  3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og sérhæfðra sjóða.
  4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda.
- Heimilt er að víkja frá þeim hámarkum sem mælt er fyrir um í a–d-lið 1. mgr. á þeim tíma sem gerninganna er aflað ef ekki er unnt á þeim tíma að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefinna verðbréfa.
- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja reglur um að 1. mgr. taki ekki til framseljanlegra verðbréfa eða peningamarkaðsgerninga sem ríki innan EES eða sveitarfélög aðildarríkja eða ríki utan EES gefa út eða ábyrgjast eða alþjóðastofnanir sem eitt eða fleiri ríki EES eru aðilar að gefa út.

### Skrá yfir hlutdeildarskírteini

Í 41. gr. núgildandi laga um verðbréfasjóði nr. 116/2021 er fjallað um skyldu rekstrarfélags til að halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa. Ákvæði 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr. eru efnislega samhljóða 25. gr. eldri laga um verðbréfasjóði nr. 128/2011. Við endurskoðun á lögum um verðbréfasjóði, sbr. gildistöku laga nr. 116/2021, var hins vegar ákveðið að fella á brott ákvæði 3. mgr. 25. gr. þágildandi laga nr. 128/2011 eða að taka hana ekki upp í nýju lögum um verðbréfasjóði þá sem 3. mgr. 41. gr. gildandi laga um verðbréfasjóði. Hin brott fellda 3. mgr. 25. gr. kvað á um að ef hlutdeildarskírteini væri skráð á safnreikning skyldi viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstrarfélagi upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, nafnverð skírteina og kaupdag þeirra eigi sjaldnar en mánaðarlega og hvenær sem rekstrarfélag óskaði þess. Um var að ræða séríslenskt ákvæði. Núgildandi 41. gr. laga um verðbréfasjóði er svohljóðandi:

- 41. gr. Skrá yfir hlutdeildarskírteini.
- Rekstrarfélag skal halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa í hlutdeildarsjóðnum. Í skránni skulu a.m.k. eftirtalin atriði koma fram:
1. Nafn og kennitala eiganda.
  2. Söludagur skírteinis.
  3. Nafnverð skírteinis.
  4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.
- Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstrarfélags. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 3. mgr. 39. gr.

Í 76. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, er að finna efnislega sambærilegt ákvæði um skrá yfir hlutdeildarskírteini. Í greinargerð með frumvarpi að lögunum er tekið fram að ákvæðið byggir á 25. gr. þágildandi laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði, nr. 128/2011. Þegar gerðar voru breytingar á ákvæðum laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða til að gæta samræmis við gildistöku nýrra laga um verðbréfasjóði, sbr.

umfjöllun að framan, virðist sem að það hafi farist fyrir að endurskoða 76. gr. laga nr. 45/2020 til samræmis við 41. gr. laga nr. 116/2021 byggir hún því enn á ákvæðum 3. mgr. 25. gr. þágildandi laga nr. 128/2011. Ákvæði 76. gr. laga nr. 45/2020 er svohljóðandi (feitletrun er SFF):

■ 76. gr. Skrá yfir hlutdeildarskírteini.

Rekstraraðili skal halda skrá yfir hlutdeildarskírteinishafa í hlutdeildarsjóðnum. Í skránni skulu a.m.k. eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn og kennitala eiganda.
2. Sölugdagur skírteinis.
3. Nafnverð skírteinis.
4. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Tilkynna skal eigendaskipti hlutdeildarskírteina til rekstraraðila. Slíkar tilkynningar, ásamt öðrum upplýsingum sem berast varðandi eignarhald á skírteinum, skulu færðar inn á skrána og heimildar tilkynningar getið, sbr. þó 3. mgr. 74. gr.

Ef hlutdeildarskírteini er skráð á safnreikning skal viðkomandi fjármálafyrirtæki veita rekstraraðila upplýsingar um nöfn og kennitölur raunverulegra eigenda, nafnverð skírteina og kaupdag þeirra eigi sjaldnar en mánaðarlega og hvenær sem rekstraraðili óskar þess.

Að mati SFF þykir rétt að sambærilegar kröfur gildi um verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta hvað þetta varðar. Í þessu samhengi skal bent á að samkvæmt 39. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og 74. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, skulu hlutdeildarskírteini skráð á nafn eða á safnreikning í samræmi við lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021. Í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga er fjallað um heimildir og skyldur verðbréfafyrirtækja varðandi safnreikninga, m.a. skylduna um að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. SFF eftirlætur löggjafanum að taka afstöðu til hvort fella eigi á brott 3. mgr. 76. gr. laga nr. 45/2020, líkt og gert var með 41. gr. í lögum nr. 116/2021, eða hvort taka eigi aftur upp skylduna gagnvart fjármálafyrirtækjum/verðbréfafyrirtækjum um að veita rekstrarfélögum verðbréfasjóða viðkomandi upplýsingar að baki safnreikningum. Aðalatriðið er að ekki sé ósamræmi í þessu á milli sjóðaforma. Sé síðari leiðin farin er jafnframt mikilvægt að skýrt komi fram markmið og tilgangur ákvæðisins en eldri lögskýringargögn eru heldur rýr hvað þennan þátt varðar.

#### Gildistaka ákvæða um höfuðsjóði og fylgisjóði

Með 9. gr. frumvarpsins eru innleidd ákvæði um höfuðsjóði og fylgisjóði í lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020. Nánar tiltekið er um að ræða 11. ákvæði sem verða þá , 96.gr. a - 96.gr. k. Að mati SFF er ekkert því til fyrirstöðu að þessi ákvæði öðlist þegar gildi við birtingu laganna. Ekki er þörf á því að bíða með gildistöku þessara ákvæða fram til 1. september 2023.

Virðingarfyllst, F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja.

Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur